

1061.stjórnarfundur VR

13.04.2011

Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar

Mættir á fundinn eru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Sigurður Sigfússon (SS), Sigríður Stefánsdóttir (SSt), Bjarni Þór Sigurðsson (BPS), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Ragnar Þór Ingólfsson (RPI), Óskar Kristjánsson (ÓK), Jóhanna S. Rúnarsdóttir (JSR), Hildur Mósesdóttir (HM) og Jón Magnússon (JM).

Ritari: Arnþór Gíslason, þjónustufulltrúi á þjónustusviði VR.

Fundurinn var settur kl: 18:30 og hófst með því að KÖJ bauð stjórnarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins.

1. Samþykkt fundargerðar.

Fundargerðir af stjórnarfundum nr. 1052, 1058, 1059 og 1060 voru samþykktar og undirritaðar. Jafnframt voru fundargerðir orlofsstjórnar frá dags. 23.02.2011 og 23.03.2011 lagðar fyrir og kynntar.

- Umræður um orlofsmál.

2. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn.

Nýjir		
Fastus ehf	Emelía Petrea Sigurðardóttir	131070-4039
Radison Blu 1919 hótél	Sigrún Tinna Sveinsdóttir	270287-2209
Íslandsspil	Magnús Þorsteinsson	041061-2199
ISS Ísland – skrifstofa	Jóna Matthildur Jónsdóttir	041167-4089
Endurkjör		
Fjarðarkaup	Björk Guðmundsdóttir	310362-3019
Fjarðarkaup	Þóra Lilja Reynisdóttir	300864-7169

Allir trúnaðarmenn eru samþykktir einróma.

3. Aðalfundur.

Guðmundur B. Ólafsson (GBÓ) lagði fram tvö skjöl til stjórnarmanna þ.e. núverandi lög félagsins ásamt tillögum á lagabreytingum fyrir aðalfund VR frá lagabreytinganefnd félagsins. (*fskj.1 og fskj. 2*)

- Umræður um lagabreytingar

Ákveðið var að kjósa um hvort leggja ætti lagabreytingatillögurnar fyrir á aðalfundi og var það samþykkt með ellefu atkvæðum. Þó var ákveðið að engar tillögur yrðu lagðar fram um breytingu á fléttulistafyrirkomulaginu í 20.grein laga VR.

GBÓ fór af fundi kl. 20.35

Í framhaldi af lagabreytingatillögunum var skýrsla stjórnar kynnt af KÖJ og óskað eftir að því stjórnarmenn undirrituðu hana.

GJÓ fór af fundi kl. 20.40.

ÁRJ fór af fundi kl. 20.40.

Ákveðið var að halda fimm mín. fundarhlé kl. 20:45.

Fundur var settur á ný kl. 20.50

4. Kjarasamningar.

KÖJ hélt stutta framsögu um stöðu kjaramálaviðræðna og þær hugmyndir sem höfðu verið ræddar undanfarna daga. Þar má nefna lágmarkstekjutryggingu, málefni öryggisvarða í verslunum, málefni atvinnuleitenda og eingreiðslu frá atvinnurekendum til launþega vegna tafa á kjarasamningagerð.

KÖJ tilkynnti að á morgun yrði fundur með ríkisstjórninni og í framhaldi af því myndi staða mála koma betur í ljós.

- Umræður um kjaramál.

RÞI, ÓS og HM stíga af fundi kl. 22.30.

Fundi slitið 22:35.